

LISTVINAHÚSIK 1927-1960 - Áhugaverðir leirmunir

Texti og myndir:

Ari Trausti Guðmundsson

Rúmlega 70 ára saga

Leirlist á Íslandi á sér ekki jafn langa sögu og víðast hvar í nágrannalöndunum. Engu að síður er íslensk leirlist á allháu stigi. Hún á sér rætur í starfi Guðmundar Einarssonar frá Miðdal og konu hans Lýdíu Pálsdóttur (hún var handhafi fyrsta meistarabréfs í leirmunagerð á Íslandi), og allt að 30 annarra sem störfuðu við fyrirtæki þeirra hjóna, Listvinahús, á löngum ferli þess. Það var stofnað 1927 en hóf umfangsmikla og listræna framleiðslu leirmuna úr íslenskum og erlendum hráefnum árið 1930, eftir undirbúning og aðlögun. Íslenski leirinn var fenginn úr Búðardal og utan af Reykjanesi. Munir úr Listvinahúsinu voru á heimssýninguni í New York 1939, á nokkrum sýningum í Þýskalandi og á Norðurlöndum og þeir eru á helsta leirlistasafni Ítalíu í Faenza. Fyrirtækið hefur verið rekið sleitulaust frá stofnun, nú síðustu áratugi af Einari Guðmyndssyni, syni Guðmundar. Síðar komu til sögunnar fyrirtækin Funi, Roði og Glit og fjöldi leirlistarmanna eins og sjá má núna af fjölbreyttri og öflugri leirmunagerð í Reykjavík og víðar. Núna vinnur Einar aðallega einn í Listvinahúsinu og beinir kröftum að því að búa til minjagripa handa erlendum ferðamönnum.

Stytturarnar þekktu

Leirmunir úr Listvinahúsinu voru vinsælar gjafir í áratugi. Salan var mikil og framleiðslan afar fjölbreytt. Hún skiptist í tvö horn. Í einn stað var um að ræða þrykta gripa, unna í gifsmót. Í annan stað voru búnir til mógripir. Þrykta gripirnir, eins og mógripirnir, voru fyrst hrábrenndir (hertir) og síðan brenndir í ofni með glerungi. Fyrirmyndirnar að þrykta mununum mótaði Guðmundur fyrst í leir en gerði síðan eftirmynd að þeim í gifs, þ.e. eina frummynd (kjarna) til að geyma. Þessu næst var búið til margnota gifsmót af tilteknum mun (af kjarnanum). Það gerði Baldur Ásgeirsson. Eftir það unnu starfsmenn fyrirtækisins að því að "þrykkja út" (eins og sagt var) umræddum mun í gæðaleir, brenna, glerungsmála og brenna svo aftur. Mótaripir Guðmundar voru einkum stytur af fólki og dýrum, ýmis konar öskubakkar og kertastjakar og jafnvel bókastoðir. Úr mann- eða hulduheimum heimum mátti sjá naktar konur, hafmeyjar, dverga og finngálkn, konur við störf, sjómann með fisk á baki, börn með dýr, tamningarmann með ólman hest og margt fleira. Af spendýrum má nefna hvítabirni, rostunga, seli, fila, sauðnaut, hesta, kött og hund. Sumir gripanna eru þokkafullar eða kraftmiklar uppstillingar en aðrir einföld stöðumynd af fyrirmyndinni. Úr ríki fuglanna sáust t.d. rjúpur, fálkar, hrafnar, kríur, snjótittlingar, þrestir, lundar og maríuerlur. Einnig þar er víða kankvísi, spennu eða einfalda fegurð að sjá. Á ofangreindum gripum eru litir hafðir samkvæmt einhvers konar vali náttúrulita; sem líkastir eru fyrirmyndinni. Meðal þrykta gripanna eru einmitt munirnir sem menn tengja oftast Listvinahúsinu og Guðmundi, sbr. frasann "rjúpan hans Guðmundar frá Miðdal".

En þrykktu gripirnir tóku, eins og áður segir, yfir miklu stærri flokk listaverka. Meðal lampa og öskubakka voru munir t.d. í jugend-stíl eða með yfirbragði art deco-muna en einnig samsett myndverk eins og hafmey með hörpuðisk, sæljón á holum kletti eða burstabær með kálgarði. Kertastjappar gátu t.d. verið með skreyttum blómaörmum, í líki langskips, dvergs með ljósastiku eða hannaðir, sumir glæsilega, án skírskotunar til lífvera eða brúks hluta. Litaval er frjálst en skærir litir sjaldgæfir. Þarna er um merkan, lítt kannaðan og fremur vanmetinn þátt framleiðslunnar að ræða.

Fjölbreytt módelframleiðsla

Í annan stað voru hlutir "renndir", þ.e. unnir á snúningsskífu. Það gerðu nokkrir starfsmenn, með eða án afskipta Guðmundar sem þó teiknaði oft fyrirmyndir eða kom að gerð gripanna, t.d. litun eða útskurði. Renndu gripirnir voru vasar, skálar, ker og krukkur (sumar með skreyttu loki), lampafætur, veggdiskar, kertastjappar og könnur, jafnvel heil te- og kaffisett. Eðli máls samkvæmt er hver gripur sérstakur; módelgripur. Þið var stundum vikið frá því ef fjöldaframleiða þurfti rennda muni skv. pöntunum, t.d. drykkjarmál. Þið var notað lagmót, "skapalón" við vinnslu hvers munar. Lagið á módelgripum Listvinahússins er gjarnan klassískt en einnig er oft um óvenjulega eða frumlega hönnun að ræða. Töluvert er um útskurð; ýmist mynstur og t.d. myndir af laufum eða blómum og svo drekamynstur. Sumir þessara muna eru tvöfaldir (innri hluti heill, ytri hluti útskorinn). Vasar og könnur eru afar ólíkar innbyrðis að stærð og útliti; allt frá 10-20 cm háum gripum upp í 50-120 cm gólfvasa og stórar könnur. Skreytingar eru fjölbreyttar, útskurður, utaná liggjandi blóm, hringform eða ávextir, rendur og báru. Litavalið er marvíslegt, allt frá svörtum, steingráum og fjólubláum litum yfir í tómatrautt, gult, grænt og hvítt. Glerungurinn er iðulega látinn renna þannig að einn litur myndar tauma eða hálfþekju ofan á öðrum lit. Stundum eru vasar eða krukkur ekki hring- eða sporöskjulaga í þverskurði, heldur ferkantaðar; þá saman settir úr plötum. Fyrir bregður fremur framúrstefnulegri hönnun miðað við það árábil sem módelgripirnir voru unnir á.

Þessi bálkur framleiðslunnar var síst minni en hinn og mun fjölbreyttari þar eð hinir vönu rennslumenn létu oft gamminn geysa. Svo virðist sem margir muni síður eftir hinum renndu gripum, og ósjaldan verður fólk undrandi við að heyra á þá minnst eða við að sjá falleg listaverk þeirra á meðal. Einnig þessi þáttur í starfi gamla Listvinahússins hefur ekki verið metinn að verðleikum. Í fáeinum listfræðilegum úttektum hefur enn fremur verið einblínt á svokallaðan náttúru- og heimahagaþátt í leirlist Guðmundar og þeirra allra hinna í Listvinahúsinu. Heildin er mun flóknari og forvitnilegri; stílar og skírskotanir mun fleiri.

Vaxandi áhugi

Undanfarin 10-15 ár hefur nær ekkert verið framleitt af þrykktum gripum Listvinahússins. Mótin eru flest slitin og ónothæf. Módelframleiðslan er alls ráðandi og hún hefur eðlilega breyst. Munir fyrirtækisins eru ekki lengur með helstu höfundareinkennum Guðmundar eða samstarfsfólks hans (reyndar var Einar

Guðmundsson kominn til starfa í fyrirtækinu fyrir 1960). Því má segja að framleiðsla Listvínahússins frá 1927 til ca.1960 sé orðin sérstæð antíklistvara; listmunir sem eru merki liðins tíma og geta skoðast sem slíkir. Hvort sem menn horfa til framleiðslutímans eða ekki, þá er form hvers leirmunar, litur, hönnun, myndmál og áhrif hans á skoðandann lögð til grundvallar mati hvers og eins á fegurðar-, menningar- og verðgildi gripanna. Undanfarin ár hefur áhugi fólks á leirlist Listvínahússins aukist, m.a. eftir sýningar á verkum Guðmundar að honum látnum og ágætrar leirlistarsýningar Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum 1995, með tilheyrandi útgáfu bókarinnar "Leirlist á Íslandi" en þar er prýðileg ritgerð Eiríks fiórlákssonar listfræðings höfð sem kynning.

Æ fleiri uppgötva listræna og fjölbreytta framleiðslu Listvínahússins á umræddum árum. Leirmunir frá fyrirtækinu á þessum tíma sjást í fornverslunum, hjá listaverkasölum og stundum í Kolaportinu. Verð hefur hækkað jafnt og þétt, þó án innra samræmis. Enn vantar miklu meiri kynningu á listiðn og leirlist áráanna 1927-1970 eða svo og fleiri vandaðar úttektir á verkunum væru mörgum áhugaverðar

Ílla gerðar falsanir

Sést hefur nokkuð til viðgerða leirmuna úr Listvínahúsi á markaði. Mjög mikill vandi er að gera við brotna leirmuni og alla jafna er ekki unnt að lita viðgerðir með brenndum glerungi, heldur einvörðungu með þornandi litum. Nota þarf sérstakt lím og kítí. Mest af viðgerðunum standast ekki mál og verð viðgerðra muna er jafnan allt of hátt. Þá hefur einnig borið á að einhver setji falskan gifsbotn á muni frá t.d. Funa og Roða eða jafnvel á erlenda gripi og merki með burstinni, vörumerki Listvínahússins, ártali og jafnvel upphafsstöfunum Guðmundar: G.E. fiá fæst hærra verð enn ella fyrir gripinn, glepjist einhver til kaupa. Eigendur eða kaupendur leirmuna frá Listvínahúsinu geta þekkt slíkar falsanir á yfirmálun með lakklitum og/eða auðrispanlegum gifsbotni.

Þessar falsanir eru heldur saklausari en þær tilraunir sem gerðar voru nú 1999 til þess að falsa stytur úr Listvínahúsinu. Sem betur fer komst fljótlega upp um verknáðinn þegar tvær ólíkar gerðir leirmuna voru seldir af einum og sama aðila sem stundað hefur ýmis konar munasölu í Kolaportinu og í Mjódd. Á hans vegum voru uppi a.m.k. ein fölsuð stytta af nakinni konu með könnu (oft nefnd vatnsberinn) og tvær falsaðar stytur af hafmey með barn (of kölluð móðir hafsins). Tvær þeirra a.m.k. voru seldar kaupendum fyrir hæsta verð. Brátt kom í ljós að stytturnar voru unnar úr gifsí í mót sem tekin höfðu verið af ófölsuðum leirstyttum. Gripirnir voru handmálaðir með fljótpornandi, lituðu lakki en vörumerki og upphafsstafir Guðmundar látnir halda sér. Stytturnar eru of þungar, fremur valtar, auðrispanlegar; yfirborðið stamt og það lyktaði af málningu. Framleiðandinn er einn en þó ekki sami aðili og sá sem seldi hin augljósu falsverk. Tveir kaupendur kærðu bæði sölu og framleiðslu og telst málið upplýst en dómsmeðferð er væntanlega eftir. Svona falsanir er auðvelt að þekkja; nóg er að ýta þétt á yfirborðið með tannstöngli, borðhníf eða áþekktum hlutum. Yfirborðið lætur þá undan og það skín í hvítt. **Engar stytur eða aðrir munir úr Listvínahúsinu eru unnir í gifs.** Verið getur að málað gifs hafi stundum verið notað til minni háttar viðgerða (ekki af fagmönnum)

en þannig gripir þekkjast frá fölsunum á því að mestur hluti hvers grips er úr brenndum, glerhörðum leir.

Falsanirnar hafa eflaust einhver neikvæð áhrif á sölu og eftirspurn leirmuna úr Listvinahúsinu. Um leið má vera að árverkni fólks aukist og að markaður þessara leirmuna jafni sig fyrir en síðar. Listaverkafalsanir virðast hafa færst í aukana hér á landi og hafa nú einnig færst yfir í eftirgerð leirmuna. Ofangreindar tilraunir mega ennfremur teljast illa grunduð en væntanlega ómeðvituð atлага að listamannsheiðri Guðmundar og orðstí Listvinahússins. Og eins og allar tilraunir til listaverkafalsana eru þær þukrunarlaus aðferð til að græða fé á eigin vanhæfni til skapandi starfa.

Höfundur er jarðeðlisfræðingur og áhugamaður um íslenska leirmunagerð.

Myndatextar

1. Guðmundur Einarsson við nám í München (1926).
2. Stúlka með lokuð augu. Módelgripur sem ekki var hafður til fjöldaframleiðslu.
3. Vatnsberinn (48 cm). fiokkafull og vinsæl stytta, þrykkt í mót.
4. Vasi með þremur hönkum og krús með loki.
Klassísk hönnun, kraftmiklir litir.
5. Skógarþröstur, selir með kópa, rjúpnar. Dæmigerðir þrykktir munir úr Listvinahúsinu (upprunalega hannaðir 1938-1945).
6. Útskorinn gólfvasi frá 1949 (50 cm) og minni, renndir gripir.
7. Þessir gripir voru hannaðir árin 1936 og 1938. Form og skreytingar teljast fremur óvenjulegar á þeim tíma.